

ÁBYRG FERÐAÞJÓNUSTA



Sniðmát þetta var unnið af nemendum í MPM námi við Háskólann í Reykjavík í samstarfi við Festu og Íslenska ferðaklasann. Sniðmátið er ætlað þeim fyrirtækjum sem hafa skrifað undir viljayfirlýsingu um að setja sér markið í samfélagslegri ábyrgð.



HEITI MARKMIÐS

Skipta hluta af bílaflota út fyrir vistvaenni

FLOKKUR?

- Umhverfi Öryggi ferðam.
 Réttindi starfsfólks Nærsamfélag

SÉRTÆKT

S

Markmiðin ættu að vera skýr og sértæk, annars næst ekki að einblína á verkefnið eða nægileg hvatning fæst til að ná markmiðinu.

HVAÐ? | Hverju viltu ná fram?

Draga úr losun CO2 með því að skipta að hluta af bílaflota út fyrir vistvaenni bíla.



HVER? | Hver þarf að vera með?

Fulltrúar umhverfisflokks í samfélagsábyrgð/Ábyrgri ferðaþjónustu ásamt yfirstjórn.



HVAR? | Hvar á þetta markmið að fara fram?

Á skrifstofu fyrirtækisins með því að gera kostnaðargreiningu og reikna út ávinning (bæði fjárhagslegan sem og minnkun losunar).



HEILDARMARKMIÐ | Dragðu saman upplýsingarnar sem skipta máli

Skipta út að lágmarki 5 bílum fyrir vistvaenni fyrir 1. desember 2017 til að minnka vistspor fyrirtækisins.

Markmiðið er hluti af yfirmarkmiðinu "Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda" sem er þáttur í undirritun Loftslagsyfirlýsingar Sameinuðu Þjóðanna. Með því að skipta út hluta af bílaflota fyrir vistvaenni kemur fyrirtækið til með að draga úr losun CO2 samhliða öðrum aðgerðum tengdum yfirmarkmiðinu.



MANNAUÐUR | Er nægt starfsfólk til staðar?

Já, sérstakir ábyrgðaraðilar eru í vinnuhóp um Ábyrga ferðaþjónustu/samfélagsábyrgð.



ÞEKINGU | Þyr sá mannauður yfir nægri þekkingu?

Já, ábyrgðaraðilar þessa markmiðs hafa þá þekkingu sem þarf til leiðbeiningar um hvernig hægt er að sækja sér hana.



TÍMI | Er markmiðið of tímafrekt fyrir fyrirtækið?

Á ekki við



FJÁRMAGN | Hver er kostnaðurinn við markmiðið?

3 milljónir per bíl ásamt vinnutíma ábyrgðaraðila (sparnaður næst þó í framtíðinni með ódýrari rekstri vistvaenna bíla)

MÆLANLEGT

M

Markmið þurfa að vera mælanleg svo það sé alveg skýrt hvenær ásettlegur árangur hefur náðst. Það eru margar leiðir til að mæla árangur og margar mælieiningar. Veldu eina eða fleiri mælieiningu.

MIN

MAX

	MIN	MAX
HLUT-FALL	7 %	15 %
GÆÐI	-	-
FJÖLDI	5	10
TÍMI	-	-

Hvernig ætlar þú að mæla árangurinn?

Vistsporið er mælt í hlutfalli (7-10%) og fjöldi bíla talinn.

MIKILVÆGI | Hvernig skiptir þetta reksturinn máli?

Stuðlar að rekstrarlegum sparnaði (hækkun EBITU).

STARFSEMI | Hvernig tengist þetta starfsemi?

Fyrirtækið notar bíla í þjónustulegum tilgangi.

STEFNA | Fer markmiðið að stefnu fyrirtækisins?

Markmiðið fer að samfélagsstefnu fyrirtækisins sem felur meðal annars í sér að minnka losun CO2/vistspors.

ADLAGANDI

A

Það er mikilvægt að markmiðin falli að starfsemi og gangi ekki gegn stefnu fyrirtækisins. Ef að markmið lúta ekki að kjarnastarfsemi er hættu á að þau gleymist eða skipti ekki starfsfólk máli.

ÁÆTLAÐUR FJÖLDI VINNUSTUNDA

um 14 vinnudagar (112 klst) sem fela í sér verðkannanir, sækjast eftir tilboðum, taka saman gögn, reikna út vistspor, kaup á bílum/sala á eldri bílum, útbúa upplýsingar til þeirra sem koma til með að nýta bílana o.fl.

UPPHAFS-DAGSETNING

1. júní 2017

LOKA-DAGSETNING

1. desember 2017



T

Öll markmið verða að vera tímasett, því lokafrestur verkefnis hjálpar teyminu að halda einbeitingu og halda áætlun. Þetta viðmið varnar því að dagleg verkefni lendi ofar í forgangs röðun en langtímamarkmið.

TÍMASETT